



Ég og íslenskan

Ég byrjaði að læra íslensku almennilega þegar ég flutti til Íslands í 10. bekk og þurfti allt í einu að komast í gegnum lífið á tungumáli sem ég talaði ekki. En þar sem Pabbi minn er Íslendingur og ég á fjölskyldu hér á landi hef ég alltaf haft tengsl við Ísland og íslenskau menningu. Því miður tókst honum ekki að kenna mér og systur minni íslensku sem börn, af því að hann vann úti í Finnlandi og var bara heima um helgar. Ég er samt búin að heyra íslenskuna allt lífið mitt og ég held að það gerði það miklu auðveldara að læra tungumálið.

Áður en ég flutti hingað fannst mér bara aldrei nógu mikilvægt að læra íslensku þar sem mér finnst mjög erfitt að læra tungumál og ég þurfti ekki íslensku í daglegt líf mitt. En síðan ég flutti hingað sé ég eftir því að hafa ekki lært það fyrr.



Það tókst mér mjög stuttan stund að læra að skilja talað mál en mér fannst alltaf skritið að reyna að tala sjálf og mjög óþægilegt að gera mistök og geta ekki tjáð mig að fullu áður en ég byrjaði í menntaskóla. Mér fannst bara ekki vera ég sjálf á íslensku. Íslenskan er ótrúlega erfitt tungumál en ég lærði hana eiginlega bara með því að vera í kringum hana og fara í skólann þar sem allt er kennt á íslensku. Orðasorðinn minn er mjög skrítinn því ég er á heilbrigðisbrautinni og það er ekkert mál fyrir mig að útskýra efnaskipti, innkirtlakerfið eða blóðrásin en stundum man ég ekki einföldustu orðin. Erfiðast finnst mér að læra málfræði og ég segi oftast bara það sem hljómar rétt og vona að það sé rétt en það mikilvægasti er bara að fólk skilur mig.

